



Fyrsti fundur Græns teymis fimmtudaginn 16. maí. 2018 kl. 8:10

Fundarmenn: Ásta Þórisdóttir, Davíð Rúnar Gunnarsson, Hildur Dagbjört Arnardóttir og Lína Björg Tryggvadóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Farið yfir verklag fyrir grænt teymi. Verkefnastjóri hafði sent upplýsingar í pósti þar sem farið er yfir þá verkþætti sem ætlast er til af Grænu teymi. Greitt er fyrir hvern fund en líklegt er að vinna skapist fyrir og eftir fundi.
2. Kynning á Grænum skrefum. Verkefnastjóri hefur verið að kynna sér græn skref Reykjavíkurborgar og hefur lagt í vinnu við að breyta þeim þannig að þau geti átt við minni sveitarfélög. Hugmyndin lögð fyrir á fundinum en verkefnið er hugsað til þess að auðvelda innleiðingu umhverfisvottun inn í stofnanir sveitarfélaganna. Gerðar voru smávægilegar breytingar á fundinum og voru fundarmenn sammála um að verkefnastjóri leggi þessa tillögu fyrir umhverfisnefndir sveitarfélaganna með það fyrir huga að athuga áhuga þeirra á að innleiða inn í stofnanir sveitarfélaganna.
3. Facebook síða Plastpokalausir Vestfirðir. Nýta þarf síðuna betur og verkefnastjóra falið að reyna að gera hana virkari með því að gefa aðilum í Grænu teymi aðgang þannig að þeir geti póstað inn á síðuna. Hildur tekur að sér að vera með kynningu á Facebook um „0 waste“ lífsstíl. Verkefnastjóri skráði niður fleiri verkefni sem ákveðið var að fara í með því að kynna á Facebook.
4. Farið yfir Framkvæmdaráætlun 2015-2020 sem þarf að uppfæra. Verkefnastjóri heldur áfram að vinna í áætluninni miðað við umræður sem fóru fram á fundi. Áætlað að senda Framkvæmdaráætlun til sveitarfélaga ekki síðar en í lok mars 2017.
5. Farið yfir Sameiginlega stefnu sveitarfélaga. Ýmsar hugmyndir komu upp á fundinum og mun verkefnastjóri bæta þeim inn eftir fundinn. Stefnan verður send til sveitarfélaga í byrjun apríl 2017.
6. Önnur mál. Fjallað um verkefni og kynningar sem hægt er að fara í á næstu árum til að auka umhverfisvitund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00. Næsti fundur áætlaður kl. 8:10 fimmtudaginn 6. apríl. 2018.